

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík.

Neskaupstað, 2. júní 2017

Efni: Umsögn um frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Náttúrustofa Austurlands fagnar því að komið sé fram frumvarp að lögum sem ætlað er að tryggja skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum. Slíkt er löngu tímabært.

Almennt um frumvarpið

Stofan tekur undir þá gagnrýni á frumvarpið sem sveitarstjórnir á Austfjörðum og Vestfjörðum hafa sett fram og birst hefur í fjölmiðlum þess eðlis að æskilegt sé að á haf- og strandsvæðum sé skipt upp í annars vegar skipulag á strandsvæðum sem falli undir skipulagsskyldu sveitarfélaga og hins vegar skipulag á hafsvæðum sem falli undir stærri svæðisráð.

5.gr um svæðisráð

Stofan tekur einnig undir þá gagnrýni sveitarfélaganna að vægi þeirra í svæðisráð sé of lítið, en skv. 5. gr. er gert ráð fyrir að svæðisráð verði að meiri hluta skipuð embættismönnum /-fulltrúum tiltekinna ráðherra sem hafa neitunarvald.


6.gr um fagstofnanir

Í upptalningu á fagstofnunum mætti bæta við náttúrustofum, en sumar náttúrustofur hafa stundað rannsóknir á haf- og strandsvæðum og gætu jafnvel átt erindi inn í svæðisráðin sem talað er um í 5. gr., þá sem fulltrúar ráðherra.

9.gr og ákvæði til bráðabirgða

Í 9. gr. segir að í forgangi skulu vera svæði þar sem talið er brýnt að samþætta ólíka nýtingu og verndarsjónarmið. Jafnframt segir í bráðabirgða ákvæði að þann 1. janúar 2018 skuli hafin vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Í ljósi hugmynda um verndun Gerpissvæðisins og þeirra miklu ásóknar sem nú er í firði á Austurlandi m.a. fyrir fiskeldi, sem og hafnar- og siglingsvæði í tengslum við mögulegar norðurslóðasiglingar og olíuvinnslu á Drekasvæðinu er afar mikilvægt að vinna við gerð strandssvæðisskipulags á Austfjörðum hefjist eins fljótt og auðið er. Æskilegt væri að það væri unnið samfara skipulagi á Vestfjörðum.

Virðingarfyllst, f.h. Náttúrustofu Austurlands.



Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður